



Reglulegar áætlunarferðir milli Súðavíkur og Ísafjarðar

Reglulegar áætlunarferðir eru á milli Súðavíkur og Ísafjarðar alla virka daga, tvær ferðir á dag.

Vestfirskar ævintýraferðir ehf. sjá um þjónustuna sem hægt er að hafa samband við, ef frekari upplýsinga er óskað.

Fyrirkomulagið er þannig að einungis er ekið ef ferð er pöntuð að lágmarki tveim tímum fyrir áætlaða brottför og fyrir kl. 17.00 vegna ferðar morguninn eftir.

Áætlunin er sem hér segir:

Frá Ísafirði kl. 07:00 og frá Súðavík 07:35.

Frá Ísafirði kl. 16:45 og frá Súðavík 17:20.

Pöntunarsími Strætó BS er: 540 2700.

Ekið er frá/ til Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði og að / frá Búðinni okkar, Grundarstræti 3-5, Súðavík.

Stök ferð kostar kr. 750 og ef keypt er 10 ferða kort kostar það kr. 5.000. (kr. 500 per. ferð)

Hægt er að nýta keyptan farmiða áfram um Ísafjarðarbæ, þ.e. til Suðureyrar og Flateyrar og Þingeyri.

Vonir eru bundnar við að áætlunarferðirnar komi til með að nýtast íbúum sem sækja þurfi þjónustu, skóla og eða vinnu milli byggðalaganna.

Vestfirskar ævintýraferðir ehf.

Helga Héðinsdóttir gsm: 893 6356.

Netfang: info@westfjordsadventure.is

Súðavík, 2. desember 2013

*Skrifstofa,
Súðavíkurhrepps.*